



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

UNGI EINLEIKARAR

17. JANÚAR
2019



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir með ungum einleikurum eru hljóðritaðir og verða sendir út á sumardaginn fyrsta á Rás 1.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Depuis le jour 5:30'

Glitter and be Gay 6:30'

Der Hölle Rache 3:30'

Fiðlukonsert 31'

Must the Winter Come So Soon 2:30'

Ah, scostati!... Smanie implacabili 3:00'

Urlicht 5:00'

Var det en dröm 2:15'

Habanera 4:30'

Sellókonsert 30:00'

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website:

en.sinfonia.is

Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við Listaháskóla Íslands.



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna legalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

UNGIR EINLEIKARAR

Ligia Amadio

hljómveitarstjóri

Harpa Ósk Björnsóttir

sópran

Guðbjartur Hákonarson

fiðluleikari

Silja Elsabet

Brynjarsóttir

mezzó-sópran

Hjörtur Páll Eggertsson

sellóleikari

EFNISSKRÁ

Gustave Charpentier

Depuis le jour, aría Louise úr samnefndri óperu (1900)

Leonard Bernstein

Glitter and be Gay, aría Kúnígúndar úr óperettunni Birtíngi (1956)

Wolfgang Amadeus Mozart

Der Hölle Rache, aría Næturdrottningarinnar úr Töfraflautunni (1791)

Jean Sibelius

Fiðlukonsert í d moll, op. 47 (1903–4/1905)

Allegro moderato

Adagio di molto

Allegro ma non tanto

HLÉ

Samuel Barber

Must the Winter Come So Soon, úr Vanessu (1956)

Wolfgang Amadeus Mozart

Ah, scostati!... Smanie implacabili, úr Così fan tutte (1790)

Gustav Mahler

Urlicht, úr sínfóníu nr. 2, Upprisusínfóníunni (1888–1894)

Jean Sibelius

Var det en dröm, úr Fimm söngvum, op. 37 (1900–02)

Georges Bizet

Habanera, úr Carmen (1875)

Edward Elgar

Sellókonsert í e-moll, op. 85 (1919)

Adagio – Moderato

Lento – Allegro molto

Adagio

Allegro – Moderato – Allegro, ma non troppo

EINLEIKARA- OG EINSÖNGVARAKEPPNI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS OG LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

Á hverju hausti fer fram keppni meðal ungra einleikara og einsöngvara um að koma fram á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að þessu sinni fór keppnin fram föstudaginn 26. og laugardaginn 27. október 2018 í Kaldalóni í Hörpu. Þátttakendur í keppninni í ár voru 15 talsins og stunda þeir allir söng- eða hljóðfæranám á bakkalárstigi. Að þessu sinni báru fjórir nemendur sigur úr bítum og koma þeir fram á tónleikunum í kvöld.

Dómnefnd skipuðu

Árni Heimir Ingólfsson (formaður), Daði Kolbeinsson, Signý Sæmundsdóttir, Sigurður Bjarki Gunnarsson og Sólveig Anna Jónsdóttir.

Ritun í tónleikaskrá

Ritun texta í tónleikaskrá Ungra einleikara var í höndum einleikaranna sem koma fram á tónleikunum í kvöld.

Ljósmyndir í tónleikaskrá

Grímur Bjarnason



LIGIA AMADIO

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Brasilíski hljómsveitarstjórinn Ligia Amadio hefur staðið á stjórnendapallinum í yfir tuttugu ár og verið listrænn stjórnandi og gestastjórnandi margra framúrskarandi hljómsveita. Hún var aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Rio de Janeiro í yfir áratug ásamt því að vera listrænn stjórnandi og aðalhljómsveitarstjóri Fílharmóníusveitar Mendoza í Argentínu. Í dag gegnir Amadio stöðu listrans stjórnenda og aðalhljómsveitarstjóra Fílharmóníuhljómsveitar Bogotá í Kólumbíu. Hún hefur áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2015, þegar haldnir voru kvennatónleikar í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi. Hún tók jafnframt þátt í málstofu sem var undanfari tónleikanna um stöðu kvenna í tónlist.

Amadio hefur verið gestastjórnandi margra hljómsveita í Evrópu, Asíu og Ameríku og má þar nefna Hollensku útvarps-hljómsveitina, Fílharmóníusveitina í Tókýó, Fílharmóníusveit Tælands, Sinfóníuhljómsveit São Paulo, Ísraelsku kammersveitina, Sinfóníuhljómsveit Mexíkó og Fílharmóníusveit Buenos Aires. Amadio hefur unnið með mörgum framúrskarandi listamönnum á borð við Mörthu Argerich, Shlomo Mintz og Peter Donohoe.

Amadio var fyrst kvenna í þrjátíu ár til að hljóta verðlaun í Alþjóðlegu hljómsveitarstjórakeppninni í Tókýó 1997 og ári síðar vann hún Rómönsk-amerísku hljómsveitarstjórakeppnina í Santiago í Síle. Hún ásamt þremur öðrum var valin úr hópi 180 nema til að stjórna Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam eftir frábæra frammistöðu á Kirill Kondrashin-hljómsveitarstjóranámskeiðinu. Árið 2001 var hún útnefnd hljómsveitarstjóri ársins af tónlistargagnrýnendum í São Paulo og 2012 veittu Carlos Gomes-samtökin í Brasilíu henni viðurkenningu sína.



HARPA ÓSK BJÖRNSDÓTTIR

EINSÖNGVARI

Harpa Ósk Björnsdóttir er fædd 1994 í Kópavogi. Hún hóf að læra á píanó fjögurra ára hjá Kristni Erni Kristinssyni og hóf söngnám 15 ára gömul hjá Þóru Björnsdóttur. Haustið 2012 hóf Harpa nám við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og lauk 8. stigsprófi í söng frá skólanum vorið 2018. Í dag stundar hún nám á bakkalárstigi við Listaháskóla Íslands undir leiðsögn Ólafar Kolbrúnar, Hönnu Dóru Sturludóttur, Kristins Sigmundssonar og Þóru Einarsdóttur. Kórar hafa leikið stórt hlutverk í lífi Hörpu og syngur hún í *Graduale Nobili* undir stjórn Þorvaldar Arnar Davíðssonar. Harpa söng hlutverk Næturdrottningarinnar í uppfærslu nemendaóperu Söngskólans á *Töfraflautunni* í Hörpu vorið 2017 og söng fyrir rödd aðalpersónu kvikmyndarinnar *Þrestir*. Hún hefur tekið þátt í meistaranámskeiðum, m.a. hjá Austrian Master classes og kom fram á tónleikum í Nuuk á Grænlandi síðastliðið sumar. Samhliða tónlistarnámi hefur Harpa stundað nám við rafmagnsverkfræðideild Háskóla Íslands.



GUÐBJARTUR HÁKONARSON

FIÐLULEIKARI

Guðbjartur Hákonarson hóf fiðlunám ungur að aldri hjá Gígju Jóhannsdóttur við Tónmenntaskólann í Reykjavík. Í framhaldinu lærði hann hjá Ara Þór Vilhjálmssyni og síðar hjá Guðnýju Guðmundsdóttur við Listaháskóla Íslands. Eftir að hafa lokið diplómagráðu frá Listaháskóla Íslands hóf Guðbjartur bakkalárnám við Indiana University, Jacobs School of Music, undir handleiðslu Sigurbjörns Bernharðssonar. Í vor mun hann ljúka því námi sem nemandi Mauricio Fuks. Guðbjartur hefur komið fram sem einleikari með hljómveit skólans og auk þess komið fram á ýmsum tónlistarhátíðum, þar ber helst að nefna Aspen Music Festival, Banff, Heifetz Institute, Astona International og Bowdoin International Music Festival. Hann hefur einnig lært hjá Shmuel Ashkenasi, Paul Kantor, Alex Kerr, Ilya Kaler, Ralph Kirshbaum og meðlimum Emerson, Pacifica, Juilliard, Emerson og Brentano strengjakvartettanna. Hann hlaut önnur verðlaun í WDAV Chamber Music Competition og sigraði tvívegis Kuttner strengjakvartettkeppni Jacobs School of Music. Fiðlan sem Guðbjartur leikur á er smíðuð af Joseph Bassot árið 1790 í París.



SILJA ELSABET BRYNJARSDÓTTIR

EINSÖNGVARI

Silja Elsabet Brynjarsdóttir er 27 ára gömul, fædd og uppalin í Vestmannaeyjum þar sem hún hlaut sína grunnmenntun í tónlist. Að loknu stúdentsprófi frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum hóf hún nám við Söngskólann í Reykjavík þar sem aðalkennarar hennar voru Elísabet Eiríksdóttir og Elín Guðmundsdóttir. Samhliða náminu var Silja meðlimur í Kór Langholtskirkju og Óperukór Reykjavíkur. Með þeim kórum fékk hún tækifæri sem einsöngvari í verkum eins og *Mattheusarpassíu* og *Jóhannesarpassíu* eftir J.S. Bach. Silja tók einnig þátt í öllum óperuþáttum sem Nemendaópera Söngskólans stóð fyrir. Silja útskrifaðist frá Söngskólanum vorið 2015 og um haustið hélt hún til náms í Royal Academy of Music í Lundúnum. Þar hefur hún fengið mörg tækifæri, m.a. í verkefni með Royal Opera House í Covent Garden, sinfóníu nr. 2 eftir Mahler, óperugala, norrænum tónleikum og ýmsum smærri verkefnum.



HJÖRTUR PÁLL EGGERTSSON

SELLÓLEIKARI

Hjörtur Páll Eggertsson var fimm ára gamall þegar hann hóf að leika á selló. Fyrsti kennari hans var Örnólfur Kristjánsson, en hann stundaði síðar frekara nám hjá Sigurgeiri Agnarssyni og Gunnari Kvaran. Hjörtur hefur frá árinu 2012 tekið virkan þátt á ýmsum tónlistarhátíðum, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Í mars 2017 lék hann einleik með Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík. Hjörtur er einnig virkur í flutningi kammertónlistar og hlaut meðal annars Nótuna árið 2014 ásamt strengjakvartetti sínum. Frá árinu 2011 hefur hann tekið þátt í Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands ásamt því að hafa leikið með Orkester Norden og Sinfóníuhljómsveitinni í Stavanger. Hjörtur lauk framhaldsprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 2017 og stundar nú nám við Det Kongelige Danske Musikkonservatorium í Kaupmannahöfn undir handleiðslu Morten Zeuthen. Hann leikur á selló sem Hans Jóhannsson smíðaði fyrir hann árið 2016.




GUSTAVE CHARPENTIER

DEPUIS LE JOUR,

ARÍA LOUISE ÚR SAMNEFNDRI ÓPERU

Óperan *Louise* eftir Gustave Charpentier (1869–1956) er þekktasta verk tónskáldsins. Hún fjallar um ástir og örlög fólks í verkamannastétt í París, en segja má að óperan sé dýrðaróður til Parísarborgar. Louise er ung saumakona sem býr með foreldrum sínum. Hún verður ástfangin af hinum unga listamanni Julien, foreldrum sínum til mikils ama. Á vissan hátt er Louise fyrsta kvenréttindaóperan; sagan um stúlkuna sem flýr út í óvissuna undan valdi foreldra og borgaralegs gildismats. Í ariunni *Depuis le jour* stendur Louise uppi á hæð við Montmartre í París og syngur um hversu hamingjusöm hún er eftir að hafa flúið örlög sín í Parísarborg með ástmanni sínum.



LEONARD BERNSTEIN

GLITTER AND BE GAY,

ARÍA KÚNÍGÚNDAR ÚR BIRTÍNGI

Bandaríska tónskáldið Leonard Bernstein (1918–1990) var einn helsti tónlistarfrömuður bandarískrar tónlistarsögu bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld. Óperettan *Candide* (*Birtíngur*) er byggð á samnefndri háðsádeilu eftir franska upplýsingarskáldið Voltaire (útg. 1759). *Birtíngur* er eitt frægasta verk franskra bókmennta og þrátt fyrir léttúðugt yfirbragð var óperetta Bernsteins ádeila á hið ofsóknarkennda ástand sem einkenndi bandarískt stjórn mála- og menningarlíf um þetta leyti. Í gamansömu skrautaríunni „Glitter and be gay“ fylgjumst við með Kúnígúnd barónsdóttur tjá blendnar tilfinningar sínar gagnvart stöðu sinni. Eftir að hafa flúið frá hræðilegu stríði þar sem fjölskylda hennar var myrt neyðist Kúnígúnd að gerast hjákona tveggja ríkra manna. Hún er vissulega miður sín yfir öllu sem gengið hefur á, en á sama tíma nýtur hún glæsilífsins sem hún lifir.



WOLFGANG AMADEUS MOZART

DER HÖLLE RACHE,

ARÍA NÆTURDROTTNINGARINNAR

Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) var tvímælaust eitt helsta óperutónskáld sögunnar. Síðasta ópera hans, *Töfraflautan*, er með allra vinsælustu óperum tónlistarsögunnar, enda er áhorfendum þar boðið inn í heillandi og furðulegan heim þar sem alls konar verur eru á kreiki.

Aría Næturdrottningarinnar er einhver dramatískasta flugeldasýning tónlistarsögunnar. Reiðin sýður á drottningu þegar hún hótar dóttur sinni Paminu öllu illu ef hún gerir ekki eins og henni er sagt og myrðir æðsta prestinn Sarastró.

Harpa Ósk Björnsdóttir



JEAN SIBELIUS


FIÐLUKONSERT Í D MOLL, OP. 47

Jean Sibelius (1865–1957) er að öllum líkindum eitt merkasta tónskáld Norðurlandanna. Af mörgum ástsælum verkum hans má nefna *Valse triste*, *Finlandia*, sífóníurnar sjö og síðast en ekki síst fiðlukonsertinn, sem var mest hljóðritaði fiðlukonsert tuttugustu aldarinnar. Þegar fiðlukonsertinn var fyrst fluttur þann 8. febrúar 1904 voru viðbrögð almennings ekki ýkja góð. Sibelius endurskrifaði þá konsertinn, fjarlægði óþarfa efni og tengdi stefin betur saman. Eftir endurbæturnar var konsertinn fyrst fluttur í Berlín í október 1905 þar sem Karl Halir lék einleik og sjálfur Richard Strauss veifaði sprotanum. Viðtökur voru með eindæmum góðar og síðar varð Jascha Heifetz fyrstur manna til að hljóðrita konsertinn og gera hann heimsfrægan.

Sibelius átti sér alla tíð þann draum að verða fiðluleikari. Við getum þakkað fyrir að úr því rættist ekki, en það má aftur á móti leiða líkur að því að fiðlukonsertinn sé óður hans til fiðlunnar. Mögulega var Sibelius að skrifa konsert sem hann dreymdi um að geta flutt sjálfur sem einleikari.

Konsertinn hefst á strengjaundirspili sem minnir helst á gárur á vatni. Fyrsta nóta fiðlunnar er ómstríð, byrjar ekki á slagi og gefur til kynna togstreituna sem er í vændum. Verkið er nefnilega ekki samið líkt og hefðbundnir konsertar þar sem einleikshljóðfærið og hljómsveitin kallast á. Í stað þess lætur Sibelius fiðluna og hljómsveitina syngja samtímis og skapar þannig magnaða spennu. Sibelius er þekktur fyrir myndmál náttúrunnar og í fiðlukonsertinum sameinar hann náttúruna og hina tregafullu mannlegu tjáningu fiðlunnar.

Gudbjartur Hákonarson



SAMUEL BARBER

MUST THE WINTER COME SO SOON, ÚR VANESSU

Ameríska tónskáldið Samuel Barber (1910–1981) var alinn upp á mjög tónelsku heimili og samdi sína fyrstu óperu aðeins 10 ára gamall. Árið 1956 samdi hann óperuna *Vanessa*. Söguhetjan er yfirgefin af ástmanni sínum og dregur sig þá í hlé frá umheiminum með móður sinni og systurdóttur Eriku. Tuttugu árum síðar kemur ungur sonur ástmansins inn á heimilið og kollvarpar heimilislífínu. Erika syngur ariuna *Must the Winter Come So Soon* í fyrsta þætti óperunnar. Þannig kynnir hún andrúmsloft óperunnar sem er að mestu markað sorg og sársauka.



WOLFGANG AMADEUS MOZART

AH, SCOSTATI!... SMANIE IMPLACABILI, ÚR COSÌ FAN TUTTE


Óperan *Così fan tutte* er eitt af meistaraverkum Mozarts. Óperan fjallar um tvönn kærustupör, Ferrando og Fiordiligi annars vegar og Gugliermo og Dorabellu hins vegar. Vel stæðu systurnar Fiordiligi og Dorabella hafa þernuna Despinu á heimili sínu. Gugliermo og Ferrando eiga heimsspekinginn Don Alfonso að vini. Hann setur spurningarmerki við næstum allt sem kallað „eðlilegt“ eins og til dæmis einkvæni og traust. Don Alfonso ákveður að veðja við strákana að kærustur þeirra muni halda framhjá þeim við fyrsta tækifæri. Þeir segja hann hafa rangt fyrir sér og til þess að sanna ást þeirra ákveða þeir að taka áskoruninni og þykjast fara í stríð til að losna úr auglýsni kvennanna. Stelpurnar eru hræðilega sorgmæddar og Despina ákveður að reyna að segja þeim að þetta sé nú ekkert hræðilegt, það séu karlmenn á hverju strái. Dorabella verður þá óskurreið og syngur ariuna *Ah, scostati!... Smanie implacabili* þar sem hún talar um að enginn geti skilið ástarsorg og þetta óstöðvandi eirðarleysi sem hefur yfirtekið hana.



GUSTAV MAHLER

URLICHT, ÚR SINFÓNÍU NR. 2, UPPRISUSINFÓNÍUNNI

Urlight er þáttur úr annarri símfóníu Gustavs Mahler (1860–1911) og fengið úr *Wunderhorn*-safninu. Ljóðmælandinn talar um hversu mikinn sársauka manneskjan hefur þurft að upplifa og ákveður þess vegna að lífið væri betra í himnaríki. Á förnum vegi hittir hún lítinn engil sem segist ætla að vísa henni burt, en ljóðmælandi tekur það ekki í mál, hún segist vera af Guði gerð og óskar þess að sameinast honum í eilífu ljósi.



JEAN SIBELIUS

VAR DET EN DRÖM, ÚR FIMM SÖNGVUM, OP. 37

Var det en dröm er fjórða lag úr *Fimm söngvum*, ópus 37 eftir Jean Sibelius (1865–1957). Sögupersónan veitir fyrir sér raunveruleika sambands sem hún hefur átt í. Var það draumur eða raunveruleiki?



GEORGES BIZET

HABANERA, ÚR CARMEN

Frægasta ópera Georges Bizets (1838–1875) er án efa óperan *Carmen* sem fjallar um ástir og svik. Carmen fer ekki eftir neinum reglum og lifir frjálsum ástum, vill hvorki binda sig né láta neinn annan halda aftur af sér. *Habanera* er fyrsta aría hennar í óperunni. Þar talar hún um ástina og hvernig fólk misskilur hana. Ástin er ekki fugl sem hægt er að temja; hún virðir hvorki lög né reglur, og þegar þú heldur að þú hafir hana í greipum þér er hún flogin á brott.

Silja Elsabet Brynjarsdóttir



EDWARD ELGAR

SELLÓKONSERT Í E-MOLL, OP. 85

Enska tónskáldið Edward Elgar (1857–1934) samdi selló-konsert sinn árið 1919. Hann hafði dregið sig mestmegnis í hlé frá tónsmíðum á stríðsárunum, harmi sleginn yfir ástandinu í Evrópu. Á örlogaríkri stundu í ágústi 1918 hóf hann hins vegar pennann á loft á ný. Elgar neyddist til þess að fara í hálskirtlatöku, sem þótti lífshættulegt fyrir mann á hans aldri. Eftir aðgerðina bað hann um bláð og blýant og skissaði niður lítið stef. Elgar var byrjaður að semja aftur með nýja sýn á lífið eftir hörmungar stríðsins. Eftir fylgdu þrjú mjög persónuleg kammerverk en stefið notaði hann þó ekki fyrir en ári síðar, sem meginstef fyrsta kaflans í sellókonsertinum.

Konsertinn hefst á óvenjulegan hátt. Í stað þess að hljómsveitin leiki forspil áður en einleikarinn tekur við, byrjar verkið á fjórum kraftmiklum og dramatískum hljómunum frá einleikssellóinu sem gefa strax tóninn fyrir það sem koma skal. Eftir stuttan inngang kynna víólar til leiks harmþrungið meginstef kaflans. Um miðbik kaflans birtir þó aðeins til með hlýju dúrstefi, en sú birta varir stutt og senn tekur meginstefið aftur við og nær hápunkti. Tónlistin deyr út og leiðir beint inn í annan kaflann sem hefst á sömu hljómunum og sá fyrsti. Önnur stefna er þó tekin og tónlistin fer skyndilega á flug með glettnum sextándupörtum einleikarans sem hann endurtekur ítrekað þar til kaflinn endar jafn skyndilega og hann hófst. Við tekur blíð vöggvíska þriðja kaflans. Elgar lítur hér um öxl og dreymir um lífið í Evrópu fyrir stríð. Hlustandinn er þó fljótt vakinn úr þeim ljúfa draumi með ruddalegum inngangi fjórða kaflans. Tónlistin skiptir hér sífellt um ham og ryðst áfram í takfastrí framvindu án þess að líta aftur. Á endanum hægist hins vegar á ferðinni og við tekur harmþrungin tónlist, þar sem Elgar virðist tjá allar sínar hjartans sorgir. Í stutta stund heyrir meginstef þriðja kaflans eins og minning úr fjarska, en sá vonarneisti varir ekki lengi því næst hljóma aftur upphafshljómarnir fjórir, nú með enn meiri ákvedni en fyrir, og leiða konsertinn að dramatískum endalokum.

Hjörtur Páll Eggertsson

Á DÖFINNI



FIM 24 JAN 19:30

BERNSTEIN & VILLA-LOBOS

Brasilíski hljómsveitarstjórinn Ligja Amadio kemur til Íslands með tónlist frá heimalandi sínu í farteskinu. Tónlist úr flokknum *Bachianas Brasileiras* eftir Heitor Villa-Lobos ásamt fjörmikilli svítu úr hinu sívinsæla verki Leonards Bernstein, *West Side Story*, hljómar á tónleikunum. Einnig verður frumfluttur flautukonsert eftir Jón Ásgeirsson sem fagnaði níraðisafmæli sínu sl. haust. Einleikari er Emilía Rós Sigfúsdóttir.



FIM 21 FEB 19:30

DANÍEL OG PEKKA – VORBLÓTIÐ

Vorblót Stravinskíjs er meðal dáðustu hljómsveitarverka 20. aldar. Flutningur *Vorblóts* á Íslandi telst ávallt stórviðburður, ekki síst þegar íslenskur hljómsveitarstjóri er við stjórnvölinn. Daníel Bjarnason er einn fremsti tónlistarmaður landsins. Fiðlukonsert hans var saminn fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og Fílharmoníuhljómsveitina í Los Angeles, sem frumflutti verkið. Konsertinn var saminn með finnska fiðlusnillinginn Pekka Kuusisto í huga sem er einleikari tónleikanna. Upptaktur að tónleikunum er svo hið undurfagra og kyrrláta *Fratres* eftir Arvo Pärt.



FIM 28 FEB 19:30

BRANTELID LEIKUR ELGAR

Danski sellóleikarinn Andreas Brantelid vann hug og hjörtu íslenskra tónleikagesta þegar hann lék einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2016. Nú snýr Brantelid aftur með vinsælt meistaraverk í farteskinu, tilfinningaþrunginn sellókonsert Elgars. Á tónleikunum hljómar einnig tímamótaverk Jórunnar Viðar, *Eldur* og þriðja sífónía pólska meistarans Lutosławskis. Stjórnandi á tónleikunum er Eva Ollikainen.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

17. JANÚAR 2019

1. FIDLA

Nicola Lolli
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Laura Liu
Zbigniew Dubik
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Justyna Bidler
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laufey Jensdóttir
Andrzej Kleina
Laufey Sigurðardóttir

2. FIDLA

Joaquín Páll Palomares
Margrét Þorsteinsdóttir
Pascal La Rosa
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson
Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Christian Diethard
Roland Hartwell

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Lucja Koczot
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

SELLÓ

Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI

Páll Hannesson
Jacek Karwan
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Sandra Simón Monje

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Guðmundur Andri Ólafsson

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Kasper Knudsen

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Kjartan Guðnason

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheildsstjórnandi*
Osma Vänskä *heildsstjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

4. APR 19:30

5. APR 19:30

BÍÓTÓNLEIKAR

STAR WARS

John Williams hefur samið tónlistina við allar Stjörnustríðsmyndirnar. Litrík og glæsileg tónlistin á stóran þátt í vinsældum myndanna enda hefur Williams sópað til sín verðlaunum fyrir verk sitt. Alls notar hann um 50 stef sem snúa aftur og tengjast ákveðnum persónum eða kringumstæðum, rétt eins og Richard Wagner gerði í óperum sínum meira en 100 árum fyrr. Í upphaflegu myndinni frá 1977 lék Sinfóníuhljómsveit Lundúna tónlistina, en á þessum tónleikum verður myndin sýnd við lifandi flutning Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Þetta eru tónleikar sem enginn kvikmyndaunnandi má missa af.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Ted Sperling hljómsveitarstjóri

John Williams / George Lucas
Star Wars

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA





Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson hafa skapað víðförlustu mús Íslandssögunar.



Hallfríður: Það að kynnst aðeins einfaldri tónlist er ekki ólíkt því að vera alinn upp **bara á pylsum.**

Þórarinn: Já, sem eru auðvitað ágætari í hófi en maður þarf annað með. **Hallfríður:** Börn eru með galopin huga og fordómalaus en mörg þeirra fá sjaldan tækifæri til þess að heyra annað en létt lög.

Börn eru þakklátir og hrifnæmir áhorfendur enda má upplifa svo margt og læra um lífið og mannlegar tilfinningar með hjálp tónlistar. Ungu fólkið er ávallt afúsgestir hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Á undanförunum árum hefur hljómsveitinni borist öflugur liðsstyrkur í honum Maxímús Músíkús, tónlistarmús sem kynnir börnum á öllum aldri galdur tónlistarinnar. Þau Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari hafa skapað þessa skemmtilegu og forvitnu mús

sem er á góðri leið með að sigra heiminn því að sögurnar hans hafa verið þýddar á mörg tungumál og gefnar út ásamt geisladiskum. Maxímús hefur einnig heimsótt þó nokkrar sinfóníuhljómsveitir í öðrum löndum. Engin íslensk mús er því sigldari eða frægari, geri aðrar betur!

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is